



Reykjavík 26. maí 2023

Niðurstaða athugunar á meðhöndlun Arion banka hf. á SME í útreikningi á eiginfjárþörf og notkun breytistuðla

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í mars 2022 athugun á verklagi Arion banka hf. (hér eftir bankinn) við að ákvarða hvaða aðilar falla undir skilgreiningu lítilla og meðalstórra félaga (SME) skv. ákvæði 501. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.). Samhliða kannaði fjármálaeftirlitið verklag bankans við flokkun áhættuskuldbindinga utan efnahags og beitingu breytistuðla sbr. 111. gr. CRR. Athuginin var hluti af þemaathugun fjármálaeftirlitsins hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Við vettvangsathugunina lagði fjármálaeftirlitið sérstaka áherslu á að kanna þau viðmið sem bankinn notaði við mat sitt og hvort þau væru í samræmi við þær kröfur sem lög, reglugerðir og tilmæli segja til um. Þá voru valin úrtök til könnunar á afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu bankans m.v. 31. desember 2021.

Niðurstaða lá fyrir í september 2022. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemd við bankann:

- Að verklagi hafi verið ábótavant við mat á því hvaða skuldbindingar eru tækar til lækkunar á áhættugrunni, sbr. 501. gr. CRR og þágildandi 17. gr. fttl. og að vankantar hafi verið á umgjörð bankans, að því er varðar mat á því hvort hlutaðeigandi lántakar teldust lítið eða meðalstórt fyrirtæki, skv. b-lið 2. mgr. 501. gr. CRR, sbr. og tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, (Commission Recommendation 2003/361/EC) um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum. Jafnframt var gerð krafa um úrbætur.